

Lykilþáttur	Við lok 4. bekkjar getur nemandi:
TJÁNING OG MIÐLUN	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt • hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum • lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefninu hverju sinni • gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum, tilfinningum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	<ul style="list-style-type: none"> • skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna • tekið þátt í að skilgreina viðmið um árangur • gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta á skapandi hátt • greint milli staðreynda og skoðana • endurskoðað úrlausn viðfangsefna frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	<ul style="list-style-type: none"> • unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum • unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla • tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu

	<ul style="list-style-type: none">• tekið leiðsögn á jákvæðan hátt
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	<ul style="list-style-type: none">• leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum• notað miðla nokkuð sjálfstætt við nýsköpun, hugmyndavinnu og kynningu efnis• sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og verið meðvitaður um gildi ábyrgrar netnotkunar
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	<ul style="list-style-type: none">• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi• sett sér með aðstoð markmið í námi• tekið þátt í að skipuleggja eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár